

Pistill frá formanni BHM, Þórunni Sveinbjarnardóttur

Ágætu félagar

Ég sendi ykkur þennan pistil í tilefni af því að dregið hefur til tíðinda í viðræðum BHM, BSRB og KÍ við fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um framtíðarskipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Til að rifja aðeins upp söguna, þá skipaði þáverandi fjármálaráðherra sérstakan vinnuhóp árið 2009 til að endurskoða skipan lífeyrismála í landinu. Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar BHM var Páll Halldórsson fulltrúi skipaður fulltrúi bandalagsins í hópnum. Í lokadrögum að skýrslu vinnuhópsins, sem birt var sumarið 2015, var lagt til að lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði yrðu samræmd (skýrsluna má nálgast [hér](#)). Jafnframt skyldi aldurstenging réttinda verða grundvallarregla nýs samræmds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn. Í byrjun október 2015 hófust síðan viðræður milli annars vegar BHM, BSRB og KÍ og hins vegar fulltrúa ríkis og sveitarfélaga um hvernig staðið yrði að fyrrnefndum breytingum. Ég fékk sem formaður BHM umboð formannaráðsins til að taka þátt í þeim viðræðum sem m.a. snerust um nauðsynlegar breytingar á LSR og Brú (áður LSS).

Frá upphafi var lögð áhersla á að halda formannaráðinu upplýstu um gang viðræðnanna. Staðan var kynnt ráðinu á þremur fundum í október, nóvember og desember 2015. Í janúar og febrúar 2016 voru haldnir fjórir fræðslufundir fyrir formenn aðildarfélaga og var félögunum jafnframt boðið að senda einn fulltrúa til viðbótar á þessa fundi.

Á fundi formannaráðs í janúar 2016 var gangur viðræðnanna kynntur, sameiginlegt vinnuskjal aðila lagt fram í trúnaði og forysta BHM fékk endurnýjað umboð til viðræðna. Fram kom að við samræmingu lífeyrisréttinda yrði lífeyristökualdur opinberra starfsmanna hækkaður í 67 ár en sameiginlegt markmið aðila væri að núverandi sjóðfélagar í A-deildum LSR og Brúar (áður LSS) gætu farið á lífeyri 65 ára með sömu réttindum og áður. Eftir væru viðræður um þá einstaklinga sem ekki væru í vinnu hjá ríki eða sveitarfélagi en greiddu í sjóðina.

Á fundi formannaráðs 8. mars sl. voru lífeyrismálin enn og aftur til umræðu. Lagt var fram í trúnaði minnisblað formanns BHM og farið yfir þá hnökra sem hefðu verið og væru á viðræðum aðila. Á fundinum var forystu BHM falið að halda viðræðum áfram.

Aðalfundur BHM, sem haldinn var 19. maí sl., fjallaði einnig um lífeyrismálin og samþykkti svohljóðandi ályktun með öllum greiddum atkvæðum:

Aðalfundur BHM haldinn 19.5.2016 ítrekar fyrri samþykktir um framtíðarskipan lífeyrismála. Stefnt að því að með tímanum verði til eitt samræmt lífeyriskerfi í landinu.

Í viðræðum, sem nú standa yfir, um upptöku nýs samræmds lífeyriskerfis gagnvart opinberum starfsmönnum verði tryggt:

Að staðið verði að fullu við núverandi lífeyrisskuldbindingar gagnvart sjóðfélögum A- og B-deildar LSR, sem og sambærilegum sjóðum sveitarfélaga, hvort sem þeir hafa hafið töku lífeyris eða ekki. Að sá munur sem kann að verða á núverandi kerfi og nýju lífeyriskerfi, komi ekki niður á komandi kynslóðum og verði bættur að fullu í launum.

Hlé varð á viðræðum um lífeyrismálin frá því að breytingar urðu á ríkisstjórn á vormánuðum og fram yfir sumarfrí. Um miðjan ágúst kom hins vegar útspil frá ríki og sveitarfélögum sem var mun aðgengilegra frá okkar sjónarhóli en þær hugmyndir sem ríkið hafði áður lagt fram í viðræðunum. Í kjölfarið hafa verið haldnir tveir formannaráðsfundir, 21. ágúst og 29. ágúst, til að ræða tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga til breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna. Eftir fyrri fundinn var ákveðið að senda stjórnnum félaganna minnisblað með skýringum við ýmis ákvæði tillögunnar og gögn um útreikninga sem hún byggir á. Milli funda sendu stjórnir félaganna BHM athugasemdir sínar og tillögur að breytingum ef við átti. Á seinni fundinum var dreift samantekt um athugasemdir félaganna við tillöguna ásamt minnisblaði um efni hennar. Á báðum þessum fundum var samþykkt að veita viðræðunefnd BHM umboð til að halda áfram viðræðum við ríkið og sveitarfélögin á grundvelli tillögunnar.

Í stuttu máli felur sú tillaga sem nú liggur fyrir í sér að ríkið myndi leggja fram tiltekna fjárhæð, sem byggð er á útreikningum tryggingastærðfræðings, til að tryggja réttindi núverandi sjóðfélaga í A-deildum LSR og Brúar. Fjárhæðin myndi dekkja réttindi allra núverandi sjóðfélaga, óháð vinnuveitanda. Að auki myndi ríkið leggja fram fé í svokallaðan varúðarsjóð sem er ígildi bakábyrgðar ríkisins. Um leið yrðu A-deildirnar í núverandi mynd lagðar niður og við tæki nýtt samræmt kerfi byggt á svokallaðri aldurstengdri réttindaávinnslu. Einnig yrði sú breyting að almennur lífeyrisaldur hækkar úr 65 ára í 67 ára. Þetta myndi þó ekki gilda um núverandi sjóðfélaga sem myndu eftir sem áður geta farið á lífeyri 65 ára með sömu réttindi og nú gilda.

Unnið er að því að undirbúa þessar breytingar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Til að þær nái fram að ganga þarf að breyta lögum og samþykktum sjóðanna. Einnig þarf að setja inn ákvæði í fjárukalög fyrir yfirstandandi ár.

Mér er vel ljóst að við í BHM, formenn aðildarfélaga og félagsmenn, erum undir mikilli tímapressu og álagi í þessari vinnu. Það er langt frá því að vera kjörstaða en á móti kemur að við getum ekki vikist undan þeirri ábyrgð að fylgja ferlinu til enda og hafa eins mikil áhrif á efnislega niðurstöðu þess – sjóðfélögum til hagsbóta – og okkur er unnt.

Markmið BHM í þessum viðræðum hafa frá upphafi verið skýr og koma fram í samþykktum aðalfundar BHM 2016: Að tryggja að réttindi núverandi sjóðfélaga A-deildanna skerðist ekki við breytingu lífeyriskerfisins; Að nýir félagsmenn BHM sem hefja störf eftir að lífeyrisréttindi á almennum og opinberum markaði hafa verið jöfnuð fái þann mun að fullu bættan í launum. M.ö.o. að standa vörð um réttindi félaga aðildarfélaga BHM, líka þeirra sem á eftir koma.

Ég vona að þessi pistill gefi ykkur innsýn í stöðuna í erfiðu og viðkvæmu máli, sem varðar grundvallarhagsmuni okkar allra.

Með kveðju,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Formaður BHM.